



Fréttabréf FÍA



Starfsaldurslisti
LHG tryggður

ECA gagnrýnir
íslensk stjórnvöld

RFSS 2023

Nordisk Pilot Symposium

Nýr framkvæmdastjóri FÍA

EFNISYFIRLIT

3.
Ávarp formanns

4.
Lára Sif hættir
hjá FÍA

5.
Hermann er nýr
framkvæmdastjóri

6.
ECA gagnrýnir
íslensk stjórnvöld

9.
Starfsaldurslistar flugmanna
LHG tryggðir

10.
Nordic Pilot Symposium

9.
RFSS 2023

15.
Nýtt sumarhús í
Húsafelli

JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON, FORMAÐUR FÍA

FLUGIÐ Á UPPLEIÐ



Kæru félagar,

Nú er nokkuð um liðið frá útkomu síðasta fréttabréfs. Það fer því vel á að fara yfir sumarið sem nú er að líða og verkefni sem við höfum verið að vinna en einnig að horfa fram á veturinn og það sem er á dagskrá á komandi vikum.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með endurkomu flugmanna til starfa eftir langt hlé frá fluginu. Á vormánuðum endurheimtu allir flugmenn sem höfðu misst starf sitt í fluginu vegna faraldursins störf sín. Nýir flugmenn hafa verið að bætast í okkar hóp sem er fagnaðarefni. Nú þegar þetta er ritað er verið að bæta við flugmönnum hjá Air Atlanta, Flugfélagi Íslands, Norlandair, LHG og Icelandair. Hjá Icelandair hefur engum flugmanni verið sagt upp störfum fyrir veturinn eins og við höfum átt að venjast síðastliðna áratugi og er það mikið ánægjuefni.

Á móti kemur að ákveðnar sviptingar virðast vera í farvatninu hjá minni flugrekendum í innanlandsfluginu. Við vonum þó að ekki verði mikið um uppsagnir á þeim vettvangi. Atvinnuhorfur flugmanna á Íslandi, og raunar í heiminum öllum, eru nú með besta móti og fyrirsjáanlegur skortur á flugmönnum er farinn að gera vart við sig víðast hvar.

Olnbogabarnið í menntakerfinu

Í því samhengi er furðulegt að fylgjast með máttleysi stjórnvalda þegar kemur að menntun flugmanna sem hefur verið olnboga-barn í menntakerfinu alla tíð. Sú grafalvarlega staða hefur blasað við um nokkurra mánaða skeið að ekki hefur verið tryggt að flugmenn geti menntað sig til atvinnuflugmanns á Íslandi.

Nýjar fréttir herma þó, að Flugskóli Reykjavíkur muni fylla í það skarð sem Keilir skildi eftir. Við fögnum því og óskum Flugskóla Reykjavíkur velfarnaðar í því verkefni. Það þarf vart að rifja upp hér mikilvægi flugs og flugrekstrar fyrir Ísland og íslenskt efnahagslíf.

Gjöfult sumar

Sumarið var gjöfult fyrir viðsemjendur okkar, sem hafa verið að skila jákvæðum rekstrarniðurstöðum. Það hefur þó gengið á ýmsu eins og við er að búast í mikilli uppsveiflu. Það hefur reynt mikið á innviði, allt starfsfólk flugfélaganna og ekki síst okkur flugmenn. Ég fyllist alltaf stolti yfir að tilheyra þessum hópi fagfólks sem virðist ávallt geta fundið leiðir og lausnir til að bregðast hratt og af öryggi við nýjum og krefjandi aðstæðum. Á stundum þannig að furðu sætir.

Bláfugl er undantekningin

Samskipti FÍA við flugrekstraraðila og viðsemjendur okkar eru alla jafna góð og aðilar beggja vegna borðsins leggja sig fram um að finna lausnir og ljúka málum á friðsamlegan hátt. Undantekningin á þeirri reglu er flugfélagið Bláfugl sem sniðgengur lög og reglur.

Það sem er þó sínu alvarlegra er að það hefur fyrirtækið gert með vitund stjórnvalda og ráðuneyta sem skeyta engu um lög og rétt. FÍA hefur því beint formlegri kvörtun til Umboðsmanns Alþingis vegna skeytingarleysis Vinnumálastofnunar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Nordisk Pilot Symposium og ECA legal

Í byrjun september var endurvakið samstarf stéttarféлага flugmanna á Norðulöndunum sem legið hafði í láginni um skeið ma. vegna faraldursins. FÍA bauð heim félögum okkar frá Danmörku, Noregi Svíþjóð, Finnlandi og Lettlandi. Á þeim vettvangi eru rædd málefni sem eru okkur sameiginleg hér á norðurslóðum eins og öryggismál, félagsleg undirboð og samvinnu á í alþjóðamálunum eins og innan ECA og IFALPA.

FÍA var einnig gestgjafi á ECA legal ráðstefnunni sem fram fór 26.-27. september. Þar voru flutt afar áhugaverð erindi og ályktun lögð fram sem nánar eru gerð skil hér í fréttbréfinu.

Fundir framundan

Það er við hæfi að minna á Félagsfund FÍA sem verður haldinn þann 4. október nk. kl. 20 í húsakynnum okkar í Hlíðasmára. Ég vonast til að sjá ykkur sem allra flest á félagsfundinum en slíkir fundir eru mikilvægur vetvangur til að miðla upplýsingum, eiga skoðanaskipti og fræðast um starfsemi stéttarfélagsins okkar.

Flugöryggisráðstefna Öryggisnefndar FÍA (RFSS) verður haldin þann 12. október nk. samkvæmt boðaðri dagskrá. FÍA hvetur félagsmenn sem eiga heimangengt að fjölmenna á ráðstefnuna.

Kópavogur, október 2023

Breytingar á skrifstofu FÍA

Kæru félagar FÍA

Eftir dásamlega tíma starfandi sem framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna hef ég ákveðið að skipta um stefnu og leita á önnur mið. Ég á von á mínu öðru barni og mun fara í fæðing-arorlof í desember þar sem ég mun svo ekki snúa aftur til starfa að orlofi loknu.

Ráðningar hafa staðið yfir og fóru fjölda umsókna fram úr væntingum og verður spennandi tækifæri fyrir stéttarfélagið að fá inn nýtt og ferskt blóð. Það liggur nú fyrir að hann Hermann Sigurðsson tekur við sem framkvæmdastjóri FÍA og vil ég bjóða honum hjartanlega velkominn til starfa.

Til viðbótar við nýjan framkvæmdastjóra er einnig verið að ráða inn lögfræðing til viðbótar við Sonju.

Fjöldi félagsmanna mun koma til með að aukast á komandi tíð og stefnum við að veita framúrskarandi þjónustu beint til okkar félagsmanna sem og sinna almennri hagsmunagæslu fyrir stéttina í heild í víðu samhengi. Við viljum gæta að faglegum hagsmunum flugmanna í heild og standa vörð fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdarvaldi.

Ég er mjög þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa hjá FÍA og notið þeirra gæfu að starfa náið með fyrrum kollegum og vera þannig enn tengd inn í flugheiminn eftir að hafa hætt störfum sem flugmaður.



Lára Sif Christiansen, fráfarandi framkvæmdastjóri FÍA

Einnig hef ég haft tækifæri til að kynnast nýju fólki og hefur það verið virkilega ánægjulegt að starfa með mínum samstarfsfélögum hér á skrifstofu FÍA og færi ég þeim kærar þakkir fyrir samstarfið. Verkefnið sem ég hef kljást við hafa verið krefjandi en jafnframt skemmtileg og gefandi og gefið mér dýrmæta reynslu inn í framtíðina.

Ég mun fylgjast spennnt með að sjá þetta öflugna stéttarfélag vaxa og dafna á komandi árum og eflast enn frekar.

Ég minni svo á að það er alltaf heitt á könnunni hérna í Hlíðasmáranum og er eitt það skemmtilegasta við starfið er hvað félagar FÍA eru duglegir að koma við í kaffi og spjall!

Kær kveðja, Lára Sif

FÉLAGSFUNDUR FÍA
4. október kl. 20:00
Hlíðasmári 8

Almennur félagsfundur FÍA fer fram í
Hlíðasmára 8, miðvikudaginn
4. október kl. 20:00

Við hvetjum alla meðlimi til að mæta!

BREYTINGAR Á SKRIFSTOFU FÍA: HERMANN HEFUR STÖRF

Hermann verður nýr framkvæmda- stjóri FÍA

Hermann Sigurðsson tekur við starfi framkvæmdastjóra Félags íslenskra flugmanna (FÍA) af Láru Sif Christiansen sem hefur gegnt starfinu frá 2018. Hermann hefur störf 1. október og mun starfa við hlið Láru þar til hún lætur af störfum í lok desember.

Hermann starfaði sem framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í 5 ár og bar hann ábyrgð á allri daglegri starfsemi þess og tengdum sjóðum, s.s. Styrktarsjóð, Starfsmenntunarsjóð, Orlofssjóð og Tryggingasjóð. Hann sat í samninganefndum og samstarfsnefndum og bar ábyrgð á viðburðum og útgáfumálum félagsins. Undanfarna mánuði hefur Hermann unnið sem verkefnastjóri og ráðgjafi í rekstri fyrirtækja.

Hermann starfaði sem framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta á árunum 2009 - 2017 og sat í stjórn fjögurra dótturfélaga og sá um að samhæfa aðgerðir á milli þeirra. Þar má nefna Skátamót ehf, Skátabúðin ehf, Grænir skátar ehf og var síðast formaður stjórnar Útílifsmiðstöðvar skáta á Úlfjótsvatni.

Hermann kláraði BS í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst 2004 og MCM nám í áfallastjórnun frá Háskólanum Bifröst 2023.

Hermann er 42 ára Garðbæingur, er kvæntur Ósk Auðunsdóttur aðstoðarskólalastjóra og á þrjú börn á aldrinum 6-11 ára. Hann hefur verið skáti frá barnsaldri og var virkur í björgunarsveitum um tíma. Hans helstu áhugamál er að ferðast innanlands og utan, stunda ýmis konar hreyfingu hvort það sé líkamsrækt, hjólreiðar eða badminton.

Stjórn FÍA þakkar Láru fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, býður Hermann velkominn til starfa og hlakkar til samstarfsins.



Hermann Sigurðsson tekur við sem framkvæmdastjóri af Láru Sif Christiansen

„Það eru forréttindi að fá tækifæri til að starfa með flugmönnum sem hafa það að markmiði að koma farþegum heilum og höldnu á áfangastað. Það er mikil ábyrgð sem fylgir slíku starfi og því mikilvægt að öryggisnet flugmanna virki þegar þeir þurfa á því að halda.“

Ég er spenntur að fá að taka þátt í starfsemi FÍA og kynnast félagsmönnum þess betur og aðstoða þá við að standa vörð um hagsmuni þeirra í kjaramálum og víðar.“

- Hermann Sigurðsson

ECA gagnrýnir íslensk stjórnvöld harðlega

Samtök atvinnuflugmanna í Evrópu (European Cockpit Association eða ECA) hafa gefið frá sér ályktun þar sem vinnubrögð íslenskra stjórnvalda er varðar gerviverktöku í flugi eru gagnrýnd harðlega. Ályktunin var send á bæði Vinnumálastofnun og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Kveikjan er uppsögn flugmanna Bláfugls (Bluebird Nordic) í lok árs 2020 og ráðning gerviverktaka í þeirra stað. Uppsagnirnar voru í kjölfarið dæmdar ólögsmæt af Félagsdómi en þrátt fyrir það hefur Bláfugl í engu breytt atferli sínu né heldur hafa íslensk stjórnvöld brugðist við ítrekuðum umleitunum FÍA um að bregðast við áframhaldandi lögbrotum Bláfugls.

„Atferli Bláfugls, með dyggum stuðningi Samtaka atvinnulífsins og íslenskra stjórnvalda, setur vitaskuld skelfilegt fordæmi fyrir íslenskan vinnumarkað: Fyrirtæki geta nú refsilaust rekið allt kjarasamningsbundið starfsfólk á einu bretti og ráðið gerviverktaka í staðinn,“ segir Sonja Bjarnadóttir Backman, lögfræðingur FÍA, og bætir við að um þessar mundir sé skaðabótáttátt fyrir flugmanna Bláfugls fyrir dómstólum.

Flugmenn uppfylla ekki skilyrði verktöku

ECA gætir sameiginlegra hagsmuna atvinnuflugmanna á evrópskum vettvangi. Lagahópur samtakanna hittist reglulega og nú síðast þann 26.-27. september á Íslandi. Áhersla fundarins að þessu sinni var gerviverktaka meðal flugmanna með áherslu á íslenskt lagaumhverfi.

„Ástæðan fyrir staðsetningu fundarins er aðgerðar- og áhugaleysi Vinnumálastofnunar, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Samgöngustofu og annarra eftirlitsaðila hér á landi varðandi málefnið. Opinberum aðilum var boðið að taka þátt í fundinum en þáðu það ekki,“ segir Sonja.

„Íslenskir lögfræðingar með sérhæfingu í skatta- og vinnurétti fóru yfir lagaumhverfið hér á landi og það var samdóma álit hópsins að íslensk löggjöf næði vel utan um málið og heimildir og skyldur stjórnvalda væru bæði skýrar og nægar. Farið var yfir skilyrði fyrir verktöku og var það samdóma álit allra bæði af dómafordæmum og löggjöf að flugmenn geta í eðli sínu ekki starfað sem verktakar þar sem þeir uppfylla ekki skilyrði verktöku.“

Dulbúnir launþegasamningar við óskráðar starfsmannaleigur

Þá kom einnig skýrt fram að skrá beri starfsmannaleigur hjá Vinnumálastofnun sem veiti þjónustu til íslenskra fyrirtækja. Bláfugl starfar á grundvelli íslensks flugrekstrarleyfis og leigir flugmenn í gegnum erlendar starfsmannaleigur. „Þrátt fyrir að samningar við umrædda flugmenn séu titlaðir sem verktakasamningar eru þeir í raun launþegasamningar og verður því að horfa á þá sem slíka og skrá umrædda leigu sem starfsmannaleigu samkvæmt íslenskum lögum og greiða þeim laun samkvæmt kjarasamningum,“ segir Sonja og segir að ECA muni fylgjast grannt með framvindu mála hér á landi og ræða í framhaldinu næstu mögulegu skref.



Innan ECA starfar hópur lögfræðinga frá öllum aðildarlöndum sem jafnframt starfa fyrir evrópsk stéttarfélag atvinnuflugmanna. Hópurinn hittist reglulega og nú síðast þann 26.-27. september á Íslandi.

ÁLYKTUN ECA



To: Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Minister of Social Affairs and the Labour Market
guðmundur.ingi.guðbrandsson@althingi.is

Huginn Freyr Þorsteinsson
Chairman of the Directorate of Labour Board
postur@vmst.is

Unnur Sverrisdóttir
Director General of the Directorate of Labour
unnur.sverrisdottir@vmst.is

Reykjavik, 27 September 2023

Re: Request for action regarding bogus self-employment of pilots in Iceland

Dear Minister, Dear Chairman of the Board, Dear Director General,

The Legal Group of the European Cockpit Association (ECA), met in Reykjavik on the 26 and 27 September 2023 to assess the developments of bogus self-employment of pilots in Iceland.

During this meeting the Icelandic Airline Pilots' Association (FIA) has updated the ECA Legal Group about the legal actions regarding unfair dismissal of employed pilots in the airline BlueBird Nordic and their replacement by (bogus) self-employed pilots. FIA presented other actions aimed at tackling undeclared work, notably with the hiring methods of BlueBird Nordic. Icelandic external legal experts briefed the ECA Legal Group about their conclusions regarding contracts used by the airline BlueBird Nordic and the about FIA legal actions.

The ECA legal Group is concerned about the inadequate response of the Icelandic Labour Authorities to the claims of the Icelandic Airline Pilots' Association (FIA). Following the presentation from FIA and the external legal advice, the ECA legal group is concerned that the Labour Authorities might be delaying action beyond reasonable delays and lacking their duty to enforce the law and to protect the workers.

European Cockpit Association AISBL

Rue du Commerce 20-22, 1000 Brussels, Belgium | T +32 2 705 32 93 | eca@eurocockpit.be | www.eurocockpit.be

ÁLYKTUN ECA

2

The ECA working group highlights the pernicious effects of the Icelandic Labour Authorities' inaction on the broader European pilot community. BlueBird Nordic not only flies from Iceland but operates from other European countries through contracts or from operational bases outside Iceland. Bogus self-employment provokes unfair competition and social dumping.

The ECA Legal Group urges the Icelandic Labour Authorities to swiftly address the evidence provided by FIA and decide, without further delays whether the contractual relationship of self-employed pilots in Bluebird must be reclassified into direct employer. According to ECA's assessment these contractor agreements of the self-employed Bluebird Pilots through agencies such as Confair Consultancy constitute in fact employment relationship. The Labour Authorities must therefore require the agencies that provide the workforce to seek proper authorization and registration in Iceland and assess whether they illegally hire out workers in Iceland.

With best regards,



Roger Poulussen
Chair of Legal WG



Ignacio Plaza
Deputy Secretary General of ECA

CC: Jón Þór Þorvaldsson, President FIA jtt@fia.is

STARFSALDURSLISTAR FLUGMANNA LHG TRYGGÐIR



Mynd: Sonja Bjarnadóttir Backman

Starf flugmanna Landhelgisgæslu Íslands er mjög krefjandi eins og Sonja Bjarnadóttir Backman, lögfræðingur FÍA og meðlimur samninganefndar við LHG, fékk að kynna á dögnum.

Kjarasamningsviðræður vegna flugmanna Landhelgisgæslunnar hafa nú hafist að nýju eftir sumarið. Í vor náðist samkomulag með miðlunartillögu ríkissáttasemjara þar sem samstaða náðist um helstu ágreiningsefnin sem staðið hafa út af en kjarasamningur flugmanna Landhelgisgæslunnar rann úr gildi þremur og hálfu ári áður. Þetta var þannig viss áfangi í viðræðum FÍA við ríkið um kjör flugmanna Landhelgisgæslunnar.

FÍA fagnar því sérstaklega að starfsaldurslistar flugmanna Landhelgisgæslunnar voru tryggðir með sérstökum reglum um sanngirnismenningu meðal flugmanna til að tryggja flugöryggi, undirrituðum við Landhelgisgæsluna á grundvelli 3. mgr. 129. gr. laga nr. 80/2022 um loftferðir. Samkvæmt ákvæðinu skulu fyrirtæki í samráði

við fulltrúa starfsmanna, samþykka innri reglur sem lýsa því hvernig fyrirtækið tryggir meginreglur um sanngirnismenningu innan þess. Á þeim grunni voru starfsaldurslistar festir í sessi utan kjarasamnings en samninganefnd ríkisins gerði ríka kröfu um að þeir væru ekki í kjarasamningi.

Á grundvelli miðlunartillögu ríkissáttasemjara verður nú í framhaldinu samið um heildstæðan kjarasamning en tillagan kveður ákveðinn tón í þeirri stefnu og verður vonandi til þess að samningaviðræður reynist auðveldari en áður.

„FÍA fagnar því sérstaklega að starfsaldurslistar flugmanna Landhelgisgæslunnar voru tryggðir með sérstökum reglum um sanngirnismenningu meðal flugmanna til að tryggja flugöryggi“

Paul Allen skrifar

NORDIC PILOT SYMPOSIUM

Norrænt samstarf endurvakið



Meginverkefni þessa málþings var að endurvekja samtal flugmanna á Norðurlöndum (Nordic Pilot Symposium) eftir langt hlé og að stilla saman strengi svo að stuðla megi að frekari einingu og sameiginlegum markmiðum hópsins.

Undirbúningur þessa fundar hófst fyrst fyrir um 2-3 árum með samtali manna á milli um mikilvægi þess að efna til vettvangs til þess að styrkja sameiginlega hagsmuni flugmanna á Norðurlöndum. Á síðustu ECA og IFALPA fundum kom skýrt fram hversu lítið litlar norrænar þjóðir höfðu um málin að segja varðandi stefnu, tillögur eða tilskipanir fundanna.

Því var boðað var til þessa norræna fundar (NPS) hér á Íslandi dagana 6-8 september, 2023. Það þótti heppilegt fyrir alla hlutaðeigandi að halda málþingið á Hótel Natura. FÍA stóð fyrir viðburðinum, greiddi fyrir leigu á sal, skipulagði gistingu fyrir ráðstefnugesti og útvegaði léttan mat og drykk yfir dagana sem var fundað. Fyrsta

kvöldmáltíðin var sameiginlegur viðburður og var hún einnig í boði FÍA (takk fyrir!).

Fundurinn var afar vel sóttur. Fulltrúar frá Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Íslandi og Danmörku sóttu fundinn, auk þess sem DACE frá Lettlandi bættist við. Allar Norðurlandþjóðirnar sendu a.m.k. einn fulltrúa á fundinn og sumar þjóðir sendu nokkra fulltrúa.

Fljótlega varð ljóst að fleiri félagar í FÍA voru áhugasamir um að mæta á fundinn og því var ákveðið að opna fundinn fyrir þeim félögum sem höfðu áhuga á að taka þátt í þessu samtali.

Jack Netskar var ætlað að mæta en vegna heilsubrests gat hann því miður ekki mætt. Alls voru yfir 20 fundarmenn í norræna hópnum, þar á meðal alþjóðanefnd FÍA, en auk þess voru nokkrir innlendir fyrirlesarar. Samkomulag var um að fyrirkomulag fundarins yrði með þeim hætti að hver og ein þjóð fengi umræðuefni til að flytja á fundinum.



Paul Allen



Jón Þór Þorvaldsson

NORDIC PILOT SYMPOSIUM (FRH.)

Búin var til listi yfir mikilvæg málefni sem var deilt niður milli fulltúa þjóðanna. Hver hópur kynnti svo sitt fundarefni fyrir fundargestum. Þetta var talið betra fyrirkomulag en að FÍA stæði fyrir erindum í tvo daga og betri leið til að stuðla að virkri þátttöku allra og að víðara sjónarhorn frá hverjum hópi kæmi fram. Þegar kynningum hvers og eins var lokið var opnað fyrir spurningar, athugasemdir og ábendingar.

Málþingið heppnaðist að mínu mati mjög vel og miklar umræður fóru fram um alla málaflokka en engu að síður er ljóst að það er mikið verk óunnið tengt sumum þeirra.

Mikilvægast var þó að allir voru sammála því að með samstöðu Norðurlanda getum við haft miklu meiri áhrif innan þess alþjóðlega samstarfs sem við tökum þátt í (ESB/ECA/IFALPA). Þetta gefur okkur miklu öflugri rödd á alþjóðlegum vettvangi, rödd sem verður ekki lengur yfirgnæfð af stærri og fjölmennari þjóðum.

Í öðru lagi, eins og hjá öllum norrænu stéttarfélagunum, eru auðlindir okkar nokkuð takmarkaðar, en með samtakamætti Norræna flugmanna getum við nú tilnefnt fulltrúa á alla fundi eða málþing sem við getum ekki sótt persónulega og þar með komið okkar sjónarmiðum á framfæri, og reyndar núna með mun meiri vigt.

Með hagkvæmni að sjónarmiði, þá erum við í miklu betri stöðu nú en við vorum áður. Auðvitað er miklu meira verk að vinna til að samþætta verkferla, en ég trúir því að út frá þessum fundi höfum við nú náð að skapa „sameiginleg markmið“ sem gæti reynst okkur ómetanlegt.

Þakkar til stjórnar FIA fyrir að veita stuðning við þetta verkefni.

Paul Allen skrifar



Jónas Þór Guðmundsson



Jo Bjorn Skatval



Akseli Meskanen

Umræðuefni fundarins:

1. Umræða um Montreal / IFALPA - ECA og evrumálefni.
2. Rannsókn flugslysa og frumkvæði að því að taka flugmenn/stéttarfélög í þessar rannsóknir.
3. ATC / Fjarstjórn turna WPs. Frumkvæði innan norrænu samfélaganna þar á meðal kynning frá Íslandi.
4. Flugöryggi. Öll mál sem varða flugöryggi og rekstur innan svæðis hvers aðildarríkis með sérstökum varúðarmerkjum sem eru ekki algengar upplýsingar.
5. CLA benchmarking, hvernig hefur þetta tekist í Danmörku. Hvernig væri hægt að gera þetta á breiðari vettvangi norræns samfélags?
6. DACE eða LAU fluttu kynningu um blautleiguástand í Eystrasaltslöndunum.
7. FIA kynnti RCO/eMCO/SiPO uppfærslu með nýjustu upplýsingum og hvernig er brugðist við af ECA og IFALPA/ALPA. Mikið rætt um hvaða aðgerðir við viljum sjá áfram þar sem það virðist vera vaxandi óvissa við núverandi aðstæður.
8. Íslenskt öryggismálþing, kynning og beiðni um aðkomu Norðurlanda að komandi málþingum
9. Yfirlit um NPS, snið, markmið og leiðir til úrbóta.

7TH ANNUAL

REYKJAVÍK

FLIGHT SAFETY

SYMPOSIUM

12 OCT 2023 - GULLHAMRAR, REYKJAVÍK

Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna stendur fyrir ráðstefnunni „Reykjavik Flight Safety Symposium” í sjöunda sinn þann 12. október 2023 í Gullhömrum.

Markmið ráðstefnunnar er að miðla fróðleik og skapa vettvang fyrir umræðu um þau málefni sem varða flugiðnaðinn á hverjum tíma. Ráðstefnan dregur til sín fjölbreyttan hóp úr flugiðnaðinum, alls staðar að úr heiminum. Þátttaka síðustu ár hafa farið fram úr björtustu væntingum og ljóst að umfjöllunarefnið höfðar til fjölbreytts áheyrendahóps, m.a. flugumferðarstjóra, flugmanna og aðila úr stjórnsýslunni.

Viðfangsefnin eru fjölbreytt í samræmi við anda ráðstefnunnar en staðfestir fyrirlesarar eru:

Petter Hörnfeldt - Mentour Pilot (TRE B737)

Sævar Birgisson frá ISAVIA ANS - Fjarturnar (remote towers)

Snædís Sigurðardóttir, sálfræðingur - Streita og kulnun

Haukur Gunnarsson, Icelandair - Flugnám og flugkennsla

Pengill Oddsson, fluglæknir - lyfja- og fíkniefnaskimanir hjá flugáhöfnum

Guðmundur Steingrímsson, umhverfisfræðingur - Losunarheimildir ESB

Aðgangseyrir verður eins og áður hóflegur og verður hádegishlaðborð innifalið í verði.

Tryggðu þér miða sem fyrst á tix.is!

FYRIRLESARAR Á RFSS 2023



Petter Hörnfeldt

**Hvað gerðist og hvert erum við að fara?
- Áskoranir og tækifæri í flugheiminum.**

Petter Hörnfeldt er 42 ára flugstjóri á Boeing 737 og TRI/TRE fyrir stórt, evrópskt flugfélag. Hann er einnig þekktur sem Mentour Pilot. Undanfarin 8 ár hefur hann haldið úti hópnum Mentour Group á samfélagsmiðlum, sem heldur úti ýmsum YouTube rásum og öðrum miðlum.

Í dag nær hann til yfir 10 milljón áhorfenda í hverjum mánuði en umræðuefni hans snýr að flugöryggi, atvikum og öðrum fréttum.



Snædís Eva Sigurðardóttir

Streita og kulnun

Snædís starfar sem klínískur sálfræðingur á stofu í Heilsuklasanum, Búðshöfða 9. Hún lauk B.A. prófi í sálfræði við Háskóla Íslands árið 2003. Árið 2005 lauk hún námi til kennsluréttinda (M.Ped) og svo Cand. Psych. gráðu frá Háskóla Íslands árið 2008. Á árunum 2009-2015 var Snædís starfandi sálfræðingur hjá fyrirtækjaheilsugæslu í Lundi í Svíþjóð þar sem hún veitti starfsfólki sálfræðiaðstoð með vinnutengd vandamál. Árið 2012 fékk vottun sem sálfræðilegur markþjálfari (Certified Psychological Coach). Árið 2015 hóf hún þjálfun til leiðbeinanda í nútíðinni í Svíþjóð. Hún útskrifaðist frá University of Sussex árið 2017, þar sem hún sérhæfði sig í notkun hugrænnar atferlismeðferðar við ýmsum sálrænum kvillum (Post Graduate Diploma in CBT for complex difficulties).



Guðmundur Steingrímsson, umhverfisfræðingur

Losunarheimildir ESB

Guðmundur Steingrímsson er umhverfis- og auðlindafræðingur og heimspekingur að mennt. Hann hefur starfað við fjölmiðla, sem blaðamaður og pistlahöfundur og er einn ritstjóra útivistartímaritsins Úti. Hann er jafnframt rithöfundur, harmóníkuleikari, fjölskylduáfaðir og frístundasmiður og hefur einkar gaman að því að ferðast um heimsbyggðina og hefur farið víða. Framtíð flugs og þróun kolefnishlutleysis í flugi eru honum því hjartfólgin viðfangsefni.

Guðmundur stundar um þessar mundir doktorsrannsóknir í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands með stöðu hringrásarhagkerfisins á Íslandi sem aðalviðfangsefni og áherslu á samband neyslu og útblásturs.

FYRIRLESARAR Á RFSS 2023



Pengill Oddsson, læknir lyfja- og fíkniefnaskimanir hjá flugáhöfnum


Pengill Oddsson starfar sem yfirlæknir á heilbrigðisskoti Samgöngustofu, en hann á að baki magnaðan áratuga feril í bæði flugi og lækningum og er sá sem leitað er til þegar upp koma vafamál varðandi heilbrigðisvottorð fyrir flugáhafnir. Pengill sinnir alþjóðlegu samstarfi fyrir hönd Íslands og þekkir vel hvaða mál eru þar helst til umræðu og hvaða breytingar eru í farvatninu eins og varðandi hámarksaldur flugmanna, geðheilbrigðismál og fleira. Hann hefur frá um árabíl verið forystumaður í fluglækningum á Íslandi, en starfaði einnig lengi sem héraðslæknir á Vopnafirði og fluglæknir hjá Landhelgisgæslunni.



Sævar Birgisson Flugfjarturn

Sævar Birgisson starfar sem verkefnastjóri á Þróun og rannsóknardeild Isavia ANS. Þróun og rannsóknardeild rekur gagnasöfn í tengslum við allt flug innan flugstjórnarsvæði Íslands og er gagnasöfnun og gagnagreining fyrirtækisins ætlað að uppfylla margs konar þarfir. Má þar nefna stuðning við stefnu og aðgerðir Isavia ANS, greiningu flugumferðar og loftrýmisnotkunar, greiningu flugáætlaða og skeytasendinga ásamt vefbirtingu á tölfraði um flugumferð um svæðið. Mikið af þeim verkfærum sem notuð eru við þessa vinnu eru þróuð innanhús hjá Isavia ANS. Að auki sér Þróunar og Rannsóknardeild um verkefnastýringu á innleiðingar og þróunarverkefnum hjá Isavia ANS.

Birgir lauk meistaraþrófi í framleiðslu- og sjálfvirkniverkfræði frá Loughborough Háskóla árið 1998 og lauk svo MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2009. Á árunum 2010-2018 starfaði hann hjá Marel sem bæði ráðgjafi og viðskiptastjóri á nýsköpunarsviði. Frá árinu 2018 hefur hann svo starfað hjá Isavia ANS sem verkefnastjóri á þróun og rannsóknardeild.



Haukur Gunnarsson Icelandair - flugnám og flugkennsla



NÝTT ORLOFSHÚS: GRÁHRAUN VIÐ HÚSAFELL

Á mánudaginn síðast liðinn var fyrsta leiga í nýju glæsilegu húsi okkar í Húsafelli, Gráhrauni 2. Undanfarnar vikur hefur stjórn orlofshúsasjóðs staðið í ströngu við standsetningu og undirbúning til að gera húsið tilbúið í vetrarúthlutun.

Húsið er hið glæsilegasta með öllum helsta búnaði sem hin orlofshús FÍA bjóða upp á og á eftir að þjóna félagsmönnum FÍA vel. Húsið er tæplega 110 fermetrar að stærð með stofu, þremur



herbergjum, eldhúsi og baðherbergi.

Til viðbótar við aðalhúsið er gesthús með svefnaðstöðu ásamt öðru baðherbergi með sturtu. Um er því að ræða svefnpláss fyrir 7 þar sem eitt herbergið er með svefnsófa.

Við leyfum myndunum að tala sínu máli.



NÝTT ORLOFSHÚS Í GRÁHRAUNI



7TH ANNUAL

REYKJAVÍK

FLIGHT SAFETY

SYMPOSIUM

12 OCT 2023 - GULLHAMRAR, REYKJAVÍK

The conference is organized by the Icelandic Airline Pilots' Association

CONFIRMED SPEAKERS:

PETTER HÖRNFELDT

Mentour Pilot (TRE B737)

SÆVAR BIRGISSON

ISAVIA ANS - Remote Towers

SNÆDÍS SIGURÐARDÓTTIR

Psychologist - Stress and Burnout

HAUKUR GUNNARSSON

Icelandair - Flight Training

PENGILL ODDSSON

Aero-medical examiner - Random drug testing

GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

Environmental analyst - EU Emissions Trading System



TICKETS ON WWW.TIX.IS
MORE INFO ON WWW.FIA.IS

Sponsors

